



Ársskýrsla

2017

Félags- og jafnréttismálaráðherra



Ég tók við embætti félags- og jafnréttismálaráðherra í lok árs 2017 sem annar veggja ráðherra velferðarráðuneytisins. Undir ráðuneyti félags- og jafnréttismála heyrta margir afar mikilvægir málaflokkar sem snúa meðal annars að félagsþjónustu, jafnréttismálum, húsnæðismálum, vinnumarkaðsmálum og afkomu einstaklinga í okkar góða samfélagi. Sem nýr ráðherra þessara víðtæku málaflokka varð mér fljótt ljóst að í mjög mörg horn væri að líta. Við upphaf ráðherraferilsins fannst mér því mikilvægt að nefna nokkur málefni sem ég vildi beita mér fyrir. Má þarf helst nefna mikilvægar umbætur í húsnæðismálum og samstarf við aðila vinnumarkaðarins til að stuðla að ábyrgum vinnumarkaði. Ég nefni líka lengingu fæðingarorlofs og hækkun orlofsgreiðslna, hækkun frítækjumarks atvinnutekna aldradra, samráð við örorkulífeyrisþega um breytingar á bótakerfinu og lögfestingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Síðast en ekki síst vildi ég leggja mikla áherslu á að vinna gegn fátækt barna í íslensku samfélagi og að við réðumst í markvissar aðgerðir til að tryggja velferð barna óháð efnahag.

Fyrstu misserin í starfi hafa verið árangursrík og margt áunnist. Á tímabilinu hefur til að mynda litið dagsins ljós ný löggjöf gegn mismunun, það er lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna sem hafði verið löngu tímabær. Notendastýrð persónuleg aðstoð hefur komist vel af stað og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hafa verið samþykkt. Eru þetta aðeins dæmi um það sem áunnist hefur á árinu.

Íslenskt samfélag fór ekki varhluta af me too-byltingunni og því skipaði ég í lok árs 2017 nefnd til að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis, auk eineltis á vinnumarkaði og aðgerða vinnuveitenda í tengslum við slík mál á vinnustöðum. Tel ég mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld beiti sér að krafti í þessum málaflokki og því skipaði ég jafnframt aðgerðahóp í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Gert er ráð fyrir að verkefni hópsins verði meðal annars að koma á fót og fylgja eftir aðgerðum á vinnumarkaði sem miða að því að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þá hefur verið skipaður starfshópur sem falið verður að kortleggja og skilgreina þörf gerenda í ofbeldismálum fyrir meðferð, einnig þeirra sem

taldir eru í áhættuhópi sem mögulegir gerendur. Er hópnum einnig ætlað að efla forvarnir og fræðslu til að fyrirbyggja ofbeldi. Þá ákvað ráðherranefnd um jafnréttismál á fundi sínum 18. janúar 2018 að skipa stýrihóp um heildstæðar úrbætur varðandi kynferðislegt ofbeldi en honum verður meðal annars falið að fylgja eftir nýrri aðgerðaáætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota og stöðu brotaþola. Hlutverk ráðherranefndar um jafnréttismál er að samhæfa störf ráðherra og ríkisstjórnar á sviði jafnréttismála. Forsætisráðherra, félags- og jafnréttismálaráðherra, dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og utanríkisráðherra eiga fast sæti í nefndinni en aðrir ráðherrar sitja fundi hennar eftir þörfum.

Fram undan eru stór verkefni. Þar ber helst að nefna að fyrirhugaðar eru breytingar á barnaverndarlögum en nú er í gangi mikil vinna innan ráðuneytisins og hjá nefndum og starfshópum við upplýsingaöflun, kortlagningu á kerfinu, samantekt á hugmyndum að breytingum o.fl. sem nauðsynlegt er til þess að skapa barnaverndarkerfi sem fylgir takti tímans og nær þeim árangri sem við viljum að það geri. Sem ráðherra hef ég sett málefni barna á oddinn og tekst á við þetta viðamikla verkefni með það í huga að bæta enn frekar umhverfi barna á Íslandi og skapa raunverulega barnvænt samfélag. Auk þessa stóra verkefnis er fram undan risavaxið verkefni sem felur í sér miklar breytingar á því regluverki sem hefur verið við lýði undanfarin ár hvað varðar örorku. Unnið er að breytingum á kerfinu þannig að frekar verði horft á það sem fólk getur gert en það sem fólk getur ekki gert og er starfsgetumat stór þáttur í því ferli auk annarra atriða. Þá má einnig nefna að málefni aldraðra eru til skoðunar, húsnæðismál eru ávallt fyrirferðarmikil sem og vinnumarkaðsmál, ekki síst á komandi vikum og mánuðum í tengslum við gerð kjarasamninga. Þá er jafnrétti í öllum myndum eitt af aðalverkefnum ráðherra. Áðurgreind upptalning er þó engan veginn tæmandi en í ársskýrslu þessari má glöggva sig nánar á þeim verkefnum sem tekið hafa mestan tíma ráðuneytisins og ráðherra síðustu misserin.

Ásmundur Einar Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra

Bent er á að ársskýrslur ráðuneyta eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.


Í ársskýrslum ráðuneyta eru niðurstöður sýndar sem gjöld að frádregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefna sviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Tveir ráðherrar fara með yfirstjórn ráðuneytisins, félags- og jafnréttismálaráðherra og heilbrigðisráðherra. Félags- og jafnréttismálaráðherra ber samkvæmt forsetaúrskurði, nr. 85/2017, ábyrgð á félags- og fjölskyldumálum, almannatryggingum að hluta, húsnæðismálum, vinnumálum og jafnréttismálum.

Undir framangreind málefni falla málefna svið um örorku og málefni fatlaðs fólks, málefni aldraðra, fjölskyldumál, vinnumarkaður og atvinnuleysi, húsnæðisstuðningur og mála-flokkur um jafnréttismál.

Skipurit velferðarráðuneytisins



Almannatryggingar

Árið 2017 var hafin vinna við undirbúning mótunar og innleiðingar starfsgetumats sem ætlinin er að taki við af því læknisfræðilega örorkumati sem er við lýði. Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði í þessu skyni faghóp sem hefur það hlutverk að gera tillögur að innleiðingu kerfis þar sem lögð er áhersla á að meta þjónustuþörf einstaklingsins ásamt starfsgetu hans. Mikilvægt er að tryggja þverfaglega sýn með því að auka samstarf heilsugæslu, félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, VIRK, starfsendurhæfingarsjóðs ses. og Tryggingastofnunar til að tryggja snemmtæka íhlutun og draga þannig úr líkum á langvarandi óvirkni. Einstaklingum sem metnir hafa verið með 75% örorku hjá almannatryggingum hefur fjölgað ár frá ári og sýna mælingar að aukning milli árána 2016 og 2017 er um 3,9%. Erfiðlega hefur gengið að finna orsök þeirrar þróunar en samspil milli þess sem krafist er af fólki í starfi og einkalífi virðist hafa þar töluverð áhrif og ráða heilsufarslegir og félagslegir þættir miklu um niðurstöðuna. Áfram er því skoðað hvernig unnt sé að efla þjónustuúrræði sem ætlað er að styðja fólk til virkni, sérstaklega þátttöku á vinnumarkaði. Breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð fólu í sér miklar réttarbætur fyrir aldraða þar sem bótakerfi ellilífeyris var einfaldað með sam-

einingu bótaflokka og frítekjumarks og möguleikar aldraðra til sveigjanlegra starfsloka þannig auknir. Breytingarnar voru innleiddar og útfærðar í samráði við helstu hagsmunaaðila. Nokkrar af þeim breytingum sem löggin fólu í sér, til dæmis ákvæði um töku hálfis lífeyris frá almannatryggingum á móti hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðum, *öðlast gildi síðar* og var á árinu 2017 unnið að undirbúningi þeirra breytinga, meðal annars með setningu reglugerðar um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilissuppbótar, nr. 1195/2017, með síðari breytingum.

Vinnumál

Vinnusamningnum öryrkja hefur farið fjölgandi, í árslok 2017 voru um 900 vinnusamningar í gildi en höfðu verið um 750 árið 2016. Áhersla hefur verið á að fjölga starfstækifærum og auka fjölbreytni starfa fyrir ungt fatlað fólk. Í þessu felst aukið samstarf skóla, atvinnulífs og viðeigandi þjónustustofnana við að aðstoða ungt fatlað fólk til að komast inn á vinnumarkaðinn að loknu námi.

Vinnumarkaðsúrræði á vegum Vinnumálastofnunar voru bæði mismunandi að umfangi og innihaldi árið 2017 en árangur er áberandi bestur af starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum. Einnig verður árangur af námstengdum úrræðum að teljast góður. Áhersla var lögð á aðstoð ungs fólks, þar á

meðal hvernig ólík þjónustukerfi geti unnið saman að því að taka á þeim fjölpætta vanda sem ungt fólk getur staðið frammi fyrir og því mikilvægt að kerfin vinni saman til að tryggja betri árangur.

Árið 2017 var lögð áhersla á fræðslu um hvernig koma megi í veg fyrir ofbeldi og bæta sálfélagslegan aðbúnað á vinnustöðum, meðal annars með breyttu skipulagi vinnu og vinnumenningar. Þar hefur verið lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir og atvinnurekendur hvattir til þess að móta stefnu og viðbragðsáætlanir gegn einelti og áreitni á vinnustað. Forvarnir eru mikilvægar en þar eru góðir stjórnunarhættir lykilatriði til að vinna gegn áreitni, einelti og ofbeldi á vinnustað. Líkur eru á að stoðkerfisvandi aukist ef vissir sálfélagslegir áhættuþættir eru til staðar. Því hefur verið lögð áhersla á að vinnustaðir setji sér stefnu um heilsuefingu og þar með líkamlega og andlega heilsu starfsmanna í forgang. Markmiðið er að auka vellíðan starfsmanna með því að efla markvisst vitund atvinnurekenda og starfsfólks um ráðstafanir til að koma í veg fyrir heilsutjón.

Húsnæðismál

Markmið nýrra laga um húsnæðisbætur sem tóku gildi í janúar 2017 er að lækka húsnæðiskostnað með greiðslu húsnæðisbóta vegna leigu á íbúðarhúsnæði og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Grunnfjárhæð húsnæðisbótanna var hækkuð umtalsvert frá eldra kerfi og fjárhæðir bóta og frítekjumarks hækkaðar eftir því sem fleiri eru á heimili. Framkvæmd húsnæðisbóta var færð frá sveitarfélögum til ríkisins og kerfið að fullu fjármagnað úr ríkissjóði. Árið 2017 annaðist Vinnumálastofnun framkvæmd húsnæðisbóta en frá ársbyrjun 2018 fluttist afgreiðsla þeirra til Íbúðalánasjóðs.

Í upphafi árs tóku gildi lög um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, sem breyttu lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því fólst breyting frá gildandi fyrirkomulagi opinbers húsnæðisstuðnings þannig að öllum sveitarfélögum varð gert skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning. Jafnframt er það nýmæli í lögum að sveitarfélög skuli veita foreldrum eða forsjáraðilum 15–17 ára barna, sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili, húsnæðisstuðning. Ráðuneytið gaf jafnframt út leiðbeiningar um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Á árinu var einnig kynntur sáttmáli um húsnæðismál með 14 aðgerðum til þess að bregðast við vanda á húsnæðismarkaði. Húsnæðissáttmálinn var unninn af aðgerðahópi fjögurra ráðherra og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn mótaði tillögur að lausn þess húsnæðisvanda sem er í landinu, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Aðgerðirnar sem settar voru fram í tillögum hópsins eru 14 þar sem meðal annars er lagt til að bæta greiningu við áætlanagerð, ásamt því að leggja til að lögum, reglum og verkferlum verði breytt til þess að hraða uppbyggingu húsnæðis og hvetja til langtímaleigu. Þá var einnig horft til uppbyggingar á lóðum í ríkiseigu og settar fram aðgerðir til þess að mæta fjármögnunarförf einstaklinga og lækka húsnæðiskostnað þeirra auk almennra félagslegra aðgerða.

Íbúðalánasjóður úthlutaði á árinu stofnframlögum sem námu *tæplega 2,8 milljörðum króna til kaupa eða byggingar á 529 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi, Suðurlandi og Vesturlandi* og er það tæplega 4% aukning frá fyrra ári

þegar *úthlutað var stofnframlögum til byggingar eða kaupa á 509 íbúðum*. Heildarfjöldi íbúða sem fengið hafa stofnframlög er því orðinn 1.038. Gengið var frá viljayfirlýsingu um framlög úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna fasteigna í þágu fatlaðs fólks. Áfram var unnið að tillögum að breytingu á lögum um húsnæðismál til að styrkja eftirlits- og greiningarhlutverk stjórnvalda varðandi húsnæðismarkaðinn en ekki náðist að leggja það frumvarp fram.

Félags- og fjölskyldumál

Réttindavakt velferðarráðuneytisins kom meðal annars að málum sem sneru að óviðunandi þjónustu af ýmsum toga og sendi vaktin ályktun til beggja ráðherra velferðarráðuneytisins vegna stöðu yngra fólks á hjúkrunarheimilum í kjölfar könnunar sem hún lét gera. Réttindavaktin fjallaði einnig um fyrirkomulag greiðslu sanngirnibóta til fyrrum vistfólks Kópavogshælis og lét gera könnun vegna orlofsmála fatlaðs fólks. Haldin var fjölsótt ráðstefna sem bar yfirskriftina *Að skilja vilja og vilja skilja* sem var tileinkuð þeim sem nota óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.

Velferðarvaktin vann að ýmsum verkefnum á árinu og stóð hún meðal annars fyrir könnun meðal allra sveitarfélaga á landinu um kostnaðarþátttöku vegna skólagagna grunnskólanema. Í kjölfarið hefur mikil breyting orðið á og mikill meirihluti sveitarfélaga hefur nú ákveðið að fella niður eða draga úr kostnaði foreldra við kaup á skólagögnum enda samrýmist mikil kostnaðarþátttaka vegna þessa hvorki anda barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna né laga um grunnskóla. Velferðarvaktin hefur haft til umfjöllunar brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum og sendi á árinu tillögur um aðgerðir þess efnis til ráðherra mennta- og menningarmála, félags- og jafnréttismála og heilbrigðismála. Velferðarvaktin hefur eining hvatt stjórnvöld til að styðja betur við rannsóknir og þróunarverkefni sem snúa að flóttamönnum og hefur meðal annars lagt til að útvíkka verkefnasvið þróunarsjóðs innflytjendamála þannig að það nái einnig til málefna flóttamanna.

Framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir árin 2017–2018 var samþykkt á Alþingi vorið 2017. Megináherslur áætlunarinnar lúta að eflingu þjónustu, bættis verklags og undirbúningi að endurskoðun barnaverndarlaga.

Í upphafi árs 2017 var birt greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi árið 2016 sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Landssamband eldri borgara. Greiningin gefur mikilsverðar upplýsingar varðandi þróun á högum og líðan aldraðra á Íslandi sem nýttast munu í stefnumótun varðandi málefni aldraðra. Samantekt úr greiningunni var lögð fyrir á 146. löggjafarþingi Alþingis. *The Madrid International Plan of Action on Ageing (MIPA)* var samþykkt á öðru heimsþingi Sameinuðu þjóðanna um öldrunarmál í apríl 2002. Í júní 2017 var tekin saman skýrsla um hvernig Íslandi hefði gengið að innleiða stefnumarkmið þessarar áætlunar samkvæmt þeim fjórum meginmarkmiðum sem samþykkt voru í yfirlýsingu ráðherra í Vínarborg árið 2012. Á ráðherrafundi í Lissabon 2017 voru þróuð áfram markmið til næstu ára.

Helstu verkefni innflytjendaráðs árið 2017 voru tvíþætt, annars vegar þróunarsjóður innflytjendamála og hins

vegar framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019. Á haustmánuðum stóð innflytjendaráð fyrir samráðsfundi með það að markmiði að skapa vettvang fyrir samtali þeirra aðila sem nefndir eru framkvæmda- og samstarfsaðilar í aðgerðum áætlunarinnar. Þar sem framkvæmdaáætlunin var samþykkt í september 2016 var árið 2017 nýtt til þess að fá grunnupplýsingar um stöðu málaflokksins áður en farið yrði af stað með frekari aðgerðir til þess að skapa grundvöll fyrir aukid jafnræði samfélagsins svo að allir geti verið virkir þátttakendur þess, óháð þjóðerni og uppruna. Mikilvægt þótti að kanna viðhorf almennings til innflytjenda og fjölmennings-samfélagsins áður en farið væri af stað með aðrar aðgerðir framkvæmdaáætlunarinnar. Því var byrjað á því að framkvæma fyrsta hluta aðgerðar sem snýr að viðhorfum almennings til innflytjenda og fjölmennings-samfélagsins og kom skýrsla með niðurstöðunum út í maí 2017. Áætlað er að framkvæma hana við upphaf áætlunarinnar og aftur við lok hennar og mögulega einnig á miðju tímabili.

Fjölmenningssetrið á Ísafirði kortlagði móttökuáætlanir sveitarfélaga með skýrslu sem kom út í mars 2017 og undirbyggði þar með framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar er tengjast móttökuáætlunum.

Árið 2017 var tekið á móti 47 flóttamönnum frá Sýrlandi í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Gerðir voru samningar við fjögur sveitarfélög vegna móttöku hópsins, það er Akureyri, Árborg, Hveragerði og Reykjavík. Gerður var tveggja ára samningur við Rauða Krossinn á Íslandi vegna þjónustu við flóttafólk, óháð því hvernig það kemur til landsins, og er umræddur samningur fyrsta skrefið í samræmdri móttöku flóttafólks. Skipuð var nefnd um málefni flóttafólks sem hefur það hlutverk að kortleggja núverandi þjónustu við þennan hóp og gera tillögur að samræmdri móttöku. Á árinu kom út umfangsmikil rannsókn á stöðu og viðhorfum flóttafólks á Íslandi, að beiðni velferðarráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins, sem unnin var af Háskóla Íslands. Velferðarráðuneytið stóð í samstarfi við Fulbright-stofnunina fyrir umfangsmikill fræðslu fyrir félagsþjónustur sveitarfélaga og stofnanir sem koma að málefnum flóttafólks um fjölskyldur sem hafa verið á flóttu.

Árið 2017 var lokið undirbúningi að stofnun nýrrar ráðuneytisstofnunar sem hlaut nafnið Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar en fram til þessa hafði engin stofnun haft með höndum þetta formlega eftirlit með félagsþjónustu. Stofnunin tók formlega til starfa 7. maí 2018 og er hlutverk hennar fyrst og fremst að annast verkefni á sviði stjórnsýslu og eftirlits með félagsþjónustu sem veitt er af hálfu sveitarfélaga og opinberra stofnana eða á grundvelli samninga.

Styrkveitingar

Úthlutað var um 108 milljónum króna í velferðarstyrki til 54 verkefna félagasamtaka sem starfa á sviði endurhæfingar, málefna fatlaðs fólks, forvarna, fræðslu og fjölskyldu- og jafnréttismála. Verkefni sem hlutu styrki voru fjölbreytt, til dæmis fengu samtökin Dreka-slóð, sem hafa um árabíl veitt þolendum hvers kyns ofbeldis aðstoð við að vinna úr afleiðingum þess, styrk og einnig Gæfusporin sem er 12 vikna

gagnreynd meðferð fyrir konur sem eru þolendur ofbeldis. Þá fengu *Specialisterne* á Íslandi, sem vinna að atvinnumálum fólks með greiningu á einhverfurófi, styrk og loks verkefnið Stelpur rokka! sem starfar af femíniskri hugsjón við að efla ungar stelpur og transkrakka í gegnum tónlistarskópun.

Styrkir úr þróunarsjóði innflytjendamála voru veittir tvisvar árið 2017. Við úthlutanir var annars vegar lögð áhersla á rannsóknar- og þróunarverkefni um þau samfélagslegu áhrif sem fólk af erlendum uppruna hefur á íslenskt samfélag og hins vegar á börn og ungmenni. Hlutu 38 metnaðarfull og vel framsett verkefni styrki.

Jafnréttismál

Vorið 2017 undirrituðu ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, dómsmála og mennta- og menningarmála samstarfsfyrirlysingu um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Síðar sama ár var tillaga til þingsályktunar um sama mál tilbúin en hún var unnin í samstarfi hlutaðeigandi ráðuneyta. Stýrihópur ráðuneytanna lagði áherslu á svæðisbundið samstarf á þessu sviði, skipti landinu í níu svæði og hélt fundi með lykilmálum á hverju svæði á árabílinu 2016–2017 með það að markmiði að efla forvarnir og viðbrögð. Segja má að samstarf ráðuneyta og lykilaðila hafi verið rauður þráður í starfi velferðarráðuneytisins varðandi aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, var opnuð í febrúar 2017. Hún er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, *Samtaka um kvennaathvarf, Stígamoða, Dreka-slóðar, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvinnaráðgjafarinnar*. Jafnréttisstofa stóð fyrir ráðstefnunni *Byggjum brýr, brjótum múra* um heimilisofbeldi í október 2017 þar sem fjallað var um reynslu af þverfaglegri samvinnu í heimilisofbeldismálum og um þá jaðarhópa sem eru í mestri hættu á að verða þolendur heimilisofbeldis.

Ráðherranefnd um jafnréttismál var skipuð í desember 2017 í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að Ísland verði sterk rödd á alþjóðavettvangi með því að leggja áherslu á og vera fyrirmynd í jafnréttismálum. Hlutverk ráðherranefndar um jafnréttismál er að samhæfa störf ráðherra og ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála og fylgja eftir þeim áherslum sem fram koma í stjórnarsáttmála og varða jafnréttismál í víðum skilningi. Forsætisráðherra, félags- og jafnréttismálaráðherra, dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og utanríkisráðherra eiga fast sæti í nefndinni en aðrir ráðherrar sitja fundi nefndarinnar eftir þörfum.

Í júní voru lög nr. 56/2017, um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun), samþykkt á Alþingi með atkvæðum mikils meirihluta þingmanna. Lögin kveða á um að fyrirtæki og stofnanir þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli þurfi að öðlast jafnlaunavottun. Ný reglugerð nr. 1030/2017, um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85, var staðfest í nóvember. Reglugerð þessi tók við af eldri reglugerð nr. 365/2017, um vottun á jafnlaunakerfum. Aðallega var um að

ræða uppfærslu og samræmingu við lög nr. 56/2017 (jafnlaunavottun). Reglugerðin gildir um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana samkvæmt staðlinum ÍST 85 *Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar*.

Tvö frumvörp sem varða jafna meðferð voru á þingmálaskrá félags- og jafnréttismálaráðherra og lögð fram og samþykkt á árinu 2017. Hér er um að ræða lög um jafna meðferð á vinnumarkaði sem kveða á um meginregluna um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, trú eða lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund og lög um jafna meðferð óháð


kynþætti eða þjóðernisuppruna. Við gerð frumvarpanna var höfð hliðsjón af efni tilskipana ráðherraráðs Evrópusambandsins sem kveða á um meginregluna um jafna meðferð.

Stýrihópur um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess lauk störfum á árinu 2017. Þingsályktun um aðgerðaáætlun gegn ofbeldi og afleiðingum þess er á þingmálaskrá og mun félags- og jafnréttismálaráðherra mæla fyrir henni haustið 2018. Þingsályktunin nær til aðgerða gegn ofbeldi á börnum, ofbeldis í nánnum samböndum, kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis, og ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum.

Málefnasvið

Mynd 1

Útgjöld málefnasviða sem heyrar undir félags- og jafnréttismálaráðherra



Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.) Rekstrargjöld og fjárfestingar

27 Örorða og málefni fatlaðs fólks	52.586
28 Málefni aldraðra	66.921
29 Fjölskyldumál	17.730
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	14.797
31 Húsnæðisstuðningur	9.875
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	1.996

Í töflu 1 eru yfirlit málefnasviða sem eru á ábyrgð félags- og jafnréttismálaráðherra. Taflan sýnir raungjöld, rekstur

og tilfærslur, í m.kr. frádrögnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2017 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Tafla 1

Rekstur málefna sviða og málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Upp-safnað frávik	Frávik %
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	52.586	52.967	381	0,7%	4	376	0,7%
27.10 – Bætur skv. lögum um almannatrygginar, örorkulífeyrir	38.127	38.613	486	1,3%	0	486	1,3%
27.20 – Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	13.963	13.911	-52	-0,4%	0	-52	-0,4%
27.30 – Málefni fatlaðs fólks	353	365	12	3,3%	4	8	2,1%
27.40 – Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyrstryggingar)	143	78	-65	-83,6%	0	-65	-83,6%
28 Málefni aldraðra	66.921	67.331	410	0,6%	0	410	0,6%
28.10 – Bætur skv. lögum um almannatrygginar, lífeyrir aldraðra	62.017	61.983	-34	-0,1%	0	-34	-0,1%
28.20 – Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	4.888	5.325	437	8,2%	0	437	8,2%
28.30 – Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	16	23	7	31,0%	0	7	31,0%
29 Fjölskyldumál	17.703	17.405	-298	-1,7%	-245	-53	-0,3%
29.20 – Fæðingarorlof	10.675	10.626	-49	-0,5%	0	-49	-0,5%
29.30 – Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	374	395	21	5,3%	0	21	5,3%
29.40 – Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	5.946	5.496	-450	-8,2%	-499	49	0,9%
29.50 – Bætur til eftirlifenda	413	481	68	14,2%	0	68	14,2%
29.70 – Málefni innflytjenda og flóttamanna	295	407	112	27,6%	254	-142	-34,8%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	14.611	14.784	172	1,2%	164	9	0,1%
30.10 – Vinnumál og atvinnuleysi	13.887	14.021	134	1,0%	57	77	0,6%
30.20 – Vinnumarkaður	724	763	38	5,0%	107	-69	-9,0%
31 Húsnæðisstuðningur	9.875	8.680	-1.195	-13,8%	27	-1.222	-14,1%
31.10 – Húsnæðisstuðningur	9.875	8.680	-1.195	-13,8%	27	-1.222	-14,1%
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	1.980	2.032	53	2,6%	-34	87	4,3%
32.20 – Jafnréttismál	222	242	20	8,1%	-2	22	9,0%
08–333 Jafnréttisstofa	87	104	16	15,9%	2	15	14,3%
08–336 Jafnréttissjóður Íslands	102	100	-1	-1,2%	0	-2	-1,6%
08–190–123 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	33	38	4	11,3%	-4	9	22,6%
32.30 – Stjórnýsla velferðarmála	1.758	1.791	33	1,8%	-32	65	3,6%
08–151 Úrskurðarnefnd velferðarmála	184	185	2	0,8%	5	-3	-1,9%
08–190 Ýmis verkefni	174	172	-2	-1,3%	-64	62	36,1%
08–190–123 Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	33	38	4	11,3%	-4	9	22,6%
08–201 Tryggingastofnun ríkisins	1.172	1.207	35	2,9%	11	25	2,0%
08–398 Félagsmál, ýmis starfsemi	262	264	3	1,1%	13	-10	-3,7%

Málaflokkar

Alls námu heildarútgjöld, gjöld og fjárfesting, þeirra málaflokka sem félags- og jafnréttismálaráðherra ber ábyrgð á 163,7 ma.kr árið 2017 en áætlun ársins gerði ráð fyrir að heildarútgjöldin á árinu yrðu 163,2 ma.kr. Endanleg útkoma reyndist því vera tæpum 478 m.kr. umfram áætlun eða sem nemur um 0,29%. Útgjöld málefna sviða 27, 28, 30 og 32 voru innan fjárheimilda. Útgjöld málefna sviða 29 og 31 voru umfram fjárheimildir og eru ástæður þeirra frávíka skýrð hér að neðan.

Útgjöld málaflokks 29.40 eru umfram fjárheimildir.

Hallinn liggur hjá Umboðsmanni skuldara og má rekja til dóms héraðsdóms Reykjavíkur haustið 2014. Í þeim dómi var gjaldtaka vegna reksturs Umboðsmanns skuldara fyrir árið 2011 dæmd ólögumæt. Gjaldskyldir aðilar fengu álagt gjald þess árs endurgreitt árið 2015 og var endurgreiðslan færð til gjalda hjá Umboðsmanni skuldara. Í árslok 2017 nam halli á rekstri

Umboðsmanns skuldara 684 m.kr. af þessum sökum.

Útgjöld málaflokks 31.10 fóru 1.195 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld vegna stofnframlaga og til vaxtaniðurgreiðslu á félagslegum leiguíbúða voru 1.442 m.kr. umfram heimildir en útgjöld vegna húsnæðisbóta voru 247 m.kr. innan heimilda. Greiðslur vegna stofnframlaga til félagslegra leiguíbúða fóru 617 m.kr. umfram áætlun. Á móti þeirri fjárhæð stendur óhafin heimild að fjárhæð 620 m.kr. til úthlutunar á stofnframlögum árið 2016. Framlag ríkissjóðs til Íbúðalánasjóðs vegna niðurgreiðslu á vöxtum til félagslegra leiguíbúða sem veitt voru með 3,5% vöxtum nam 825 m.kr. Á móti þeirri fjárhæð var veitt greiðsluheimild í fjárlögum að fjárhæð 666 m.kr.

Umfjöllun um ávinning af ráðstöfun fjármuna

Tafla 2 Markmið – Yfirlit yfir stöðu mælanlegra markmiða

27 Örorða og málefni fatlaðs fólks

27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Markmið 1:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Áhersla á mat á starfsgetu fólks í stað örorku. Framfærsla fólks verði tryggð meðan á starfsendurhæfingu stendur	Hversu margir einstaklingar af hópn-um eru í störfum		4.506
	Hlutfall fólks af íbúafjölda sem fær greiðslur frá TR		8,15%
	Hlutfall hópsins sem fær bætur eða tekjur eftir starfsendurhæfingu		Gögn ekki fyrir hendi

Markmið 2:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Framfærsla öryrkja verði tryggð og staða ungra öryrkja bætt	Hlutfall hópsins sem fær greiðslur frá TR af íbúafjölda		27,9%
	Hversu margir ungir öryrkjar komast í nám eða starf		Gögn ekki fyrir hendi

27.2 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

Markmið 1:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Framfærsla öryrkja verði tryggð og stuðningur aukinn við þá sem eru með mjög lágar eða engar tekjur sér til framfærslu aðrar en bætur almanna-trygginga	Hlutfall hópsins sem fær greiðslur frá TR og sem eru fyrir neðan fátækra-mörk		Gögn ekki fyrir hendi

27.3 Málefni fatlaðs fólks

Markmið 1:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Fötluðu fólki verði sköpuð skilyrði til sjálfstæðs lífs og réttindi í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.	Innleiðing laga og reglugerða í samræmi við sáttmála SP	Unnið að innleiðingu	Lög nr. 38/2018 og meðfylgjandi reglugerðir taka gildi 1. okt. 2018. Þar hafa verið lögfestar áherslur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

28 Málefni aldraðra

28.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Markmið 1:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Áhersla á aukna atvinnuþátttöku aldraðra	Hversu margir einstaklingar af hópnnum er á vinnumarkaði		2.707
	Hversu margir einstaklingar af hópnnum fresta lífeyristöku		6.715

Markmið 2:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Framfærsla aldraðra verði tryggð	Hlutfall hópsins sem fær greiðslur frá TR af íbúafjölda 67 ára og eldri		75,5%

28.2 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun

Markmið 1:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Stuðningur aukinn við þá sem eru með mjög lágar eða engar tekjur sér til framfærslu aðrar en bætur almannatrygginga	Hlutfall hópsins sem fær greiðslur frá TR og sem eru fyrir neðan fátækramörk		Gögn ekki fyrir hendi

29 Fjölskyldumál

29.2 Fæðingarorlof

Markmið 1:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Feður nýti sjálfstæðan rétt sinn til fæðingarorlofs	Hlutfall feðra sem taka fæðingarorlof m.v. mæður og hlutfall feðra sem fullnýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Tölur eru til hjá Fæðingarorlofssjóði hjá Vinnumálastofnun (VMST)		83,3% feðra miðað við mæður tóku orlof og 43% feðra fullnýttu ekki rétt sinn

Markmið 2:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Feður með 400.000 kr. eða lægri tekjur nýti sér fæðingaorlof	Þátttaka feðra í fæðingarorlofi í þessum tekjuhópi. Tölur eru til hjá Fæðingarorlofssjóði VMST	Unnið að innleiðingu	Minna en 90 dagar 28,1%. Meira en 90 dagar 14,4%. 90 dagar 57.5%

29.4 Annar stuðningur við fjöldkyldur og börn

Markmið 1:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Lögð verði áhersla á fræðslu, aðgengi að þjónustu og úrræðum í nærumhverfi barna og unglinga	Hlutfall 5.–7. bekkjar sem þekkir BSSP vel skv. könnun Rannsóknna og greiningar	23,0%	

Markmið 2:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Öflugu samráði verði komið á við forvarnir rannsóknir og úrræði vegna ofbeldismála	Landssamráði verði komið á	Lokið	Tengist framgangi þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn ofb. og afleiðingum þess
	Svæðisbundnu samráði verði komið á um land allt		Unnið að innleiðingu, Búið að funda með 7 svæðum af 9

Markmið 3:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 3	Viðmið 2017	Raun 2017
Einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í greiðsluferfiðleikum standi til boða endurgjaldslaus þjónusta til að leita úrræða til lausnar á erfiðleikum sínum	Styttri málsmeðferð hjá embættinu við greiðsluaðlögun einstaklinga, fjárhagsaðstoð vegna skipta-kostnaðar og almenn ráðgjöf	Málsmeðferðartími innan lögbundins frests	
	Niðurstöður þjónustukönnunar til að meta ánægju viðskiptavina með þjónustu og hvort tekist hafi að leysa úr greiðsluferfiðleikum viðkomandi	48% ánægja með þjónustu og 65% telja að úrræði hafi leyst úr greiðsluvanda	

29.7 Málefni innflytjenda og flóttamanna

Markmið 1:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna	Þátttaka á vinnumarkaði	Viðvarandi verkefni	Atvinnuþátttaka er 81%
	Mæling á viðhorfum	Viðvarandi verkefni	Mælingu 2017 er lokið
Markmið 2:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Víðtæku samstarfi verði komið á milli allra þjónustuaðila í samráði við innflytjendur	Fjöldi erinda til Fjölmenningsseturs		2.464 árið 2016. Tölur fyrir 2017 liggja ekki fyrir
	Móttökuáætlanir í sveitarfélögum		4 áætlanir
	Aukið aðgengi að upplýsingum til innflytjenda		Í undirbúningi
Markmið 3:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 3	Viðmið 2017	Raun 2017
Móttaka við flóttafólk verði samræmd og flóttafólk fái fljótt tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu	Virk þátttaka á vinnumarkaði eða námi		Tillögur nefndar tilbúnar í september 2018
	Samræmd og bætt móttaka flóttafólks eftir hælismeðferð	Unnið að innleiðingu	Tillögur nefndar tilbúnar í september 2018

30 Vinnumál og atvinnuleysi

30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

Markmið 1:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Atvinnuþátttaka mælist ekki lægri en 84% á íslenskum vinnumarkaði	Atvinnuþátttaka á innlendum vinnumarkaði (16–74 ára)	Verður skilgreint	82,6%
	Aukin atvinnuþátttaka útlendinga sem þegar hafa aðgengi að innlendum vinnumarkaði	Verður skilgreint	Gögn ekki fyrir hendi
	Aukin atvinnuþátttaka einstaklinga með skerta starfsgetu	Verður skilgreint	Gögn ekki fyrir hendi

Markmið 2:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Koma í veg fyrir félagsleg undirboð á vinnumarkaði	Hefur ekki verið mælt	Verður skilgreint er mælingar liggja fyrir	Gögn ekki fyrir hendi

30.2 Vinnumarkaður

Markmið 1:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Tíðni vinnuslysa og atvinnutengdra sjúkdóma verði meðal þess lægsta sem gerist	Fækkun vinnuslysa	Fækkun vinnuslysa um 2–5% frá árinu 2015	Konur 691 Karlar 1.296

Markmið 2:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað verði til á öllum vinnustöðum landsins	Fleiri fyrirtæki hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað	Um 58% fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri og 50% fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn með skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á viðkomandi vinnustað	44% fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri og 40% fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn

Markmið 3:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 3	Viðmið 2017	Raun 2017
Stuðla að jákvæðu sálfélagslegu umhverfi á vinnustöðum sem leiði til aukinnar vellíðunar fólks alla starfsævina	Hefur ekki verið ákvarðaður	Viðmið sett þegar niðurstaða mælinga liggur fyrir	

31 Húsnæðisstuðningur

31.1 Húsnæðisstuðningur

Markmið 1:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins	Biðtími eftir félagslegu leiguhúsnæði	Meðaltími sé 12 mánuðir	Meðalbiðtími; 13,3 mán.
	Meðallengd búsetu í hverju leiguhúsnæði	3 ár	Upplýsingar liggja ekki fyrir
	Fjöldi almennra íbúða	1100	1035 íbúðir hafa fengið stofnframlög, ekki allar komnar í notkun þar sem rúmlega 843 eru í byggingu

Markmið 2:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Húsnæðiskostnaður efnaminni leigjenda verði lækkaður	Meðalhlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum leigjenda	Að jafnaði ekki undir 25%	Nýrri tölur liggja ekki fyrir. Viðræður í gangi við Hagstofu um örari uppfærslu talna
	Hlutfall þeirra sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað	18%	Nýrri tölur liggja ekki fyrir. Viðræður í gangi við Hagstofu um örari uppfærslu talna
	Meðalhlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum þeirra sem búa í almennum íbúðum	Að jafnaði ekki umfram 25%	Tölur eru ekki til þar sem uppbygging er skammt á veg komin

32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

32.2 Jafnréttismál

Markmið 1:	Mælikvarðar fyrir markmið nr. 1	Viðmið 2017	Raun 2017
Gerð heildstæðrar áætlunar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins	Jafnréttismat stjórnarfrumvarpa	Tilraunaverkefni á málefnasviði hvers ráðuneytis	Fyrstu drög að innleiðngaráætlun liggja fyrir. Fer í samráðsferli í október 2018
	Gátlisti um jafnréttismál fylgi stjórnarfrumvörpum	Tilraunaverkefni á málefnasviði hvers ráðuneytis	Kynja- og jafnréttismat sett inn í skapalón fyrir stöðumat og greiningu á málefnasviðum (Grænbók)
	Skýrslugjöf ráðuneyta og stofnana ríkisins til velferðarráðuneytis birt í skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála annað hvert ár	Árangur metinn í skýrslu ráðherra 2015-2017	Lokið – skýrsla á jafnréttisþingi 7. mars 2018

Markmið 2:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 2	Viðmið 2017	Raun 2017
Að vinna að útrýmingu kynbundins launmunar og uppbroti kynjaskiptingar starfa á íslenskum vinnumarkaði	Ráðuneyti og stofnanir ríkisins innleiði jafnlaunastaðal og hljóti jafnlaunavottun	Helmingur ráðuneyta hafi hlotið jafnlaunavottun, 50% með fleiri en 25 starfsmenn hafi innleitt staðalinn og hlotið jafnlaunavottun	Tvö ráðuneyti eru komin með vottun og níu ráðuneyti vinna að innleiðingu fyrir árslok 2018

Markmið 3:	Mælikvarði fyrir markmið nr. 3	Viðmið 2017	Raun 2017
Draga úr heimilisofbeldi, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi, með auknu og efldu samstarfi milli menntakerfisins, réttarvörslu-kerfisins og velferðarkerfisins	Hlutfall þolenda heimilisofbeldis sem tilkynnir það til lögreglu	5% auking frá árinu 2015	
	Hlutfall þolenda kynferðisofbeldis sem tilkynnir það til lögreglu	5% auking frá árinu 2015	7,7%

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Tafla 3 Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2017

Fjölskyldumál	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	36,3
Millifært í varasjóð af 398	12,5
Staða varasjóðs í lok árs	48,8

Vinumarkaður og atvinnuleysi	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	2,0
Millifært í varasjóð af 337	15,0
Staða varasjóðs í lok árs	17,0

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila sem falla undir málaflokkinn

Tafla 4 Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða

Uppsöfnuð frávik / áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna

